

**Nd.**

**165. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá Jóni Pálmasyni og Jóhanni Jósefssyni.

Við 26. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist þannig: Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og skal það þá svo fljótt sem unnt er borið á ný undir sameinað Alþingi. Ef það er þá samþykkt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða allra þingmanna, og séu viðstaddir meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild, þá öðlast frumvarpið gildi sem lög. Náist ekki tilskilin atkvæðatala með frumvarpinu, er það fallið.